

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/26

nr. 26/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. E4 frá 13. mars 2014 um umbreytingartímabilið sem skilgreint er í 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. E4 kemur í stað ákvörðunar nr. E3 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 4.3 (ákvörðun nr. E3) í VI. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 D 0520(03)**: Ákvörðun nr. E4 frá 13. mars 2014 um umbreytingartímabilið sem skilgreint er í 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 152, 20.5.2014, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. E4, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 152, 20.5.2014, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 12, 14.1.2012, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.